

Guðrún Kvaran. 2007. Um hvað snýst kenning Chomskys um allsherjarmálfræði (universal grammar)? *Vísindavefurinn*. Sótt 6. janúar 2017 af <http://visindavefur.is/svar.php?id=6581>.

Um hvað snýst kenning Chomskys um allsherjarmálfræði (universal grammar)?

Hafa kenningar Chomskys um universal grammar verið notaðar á íslensku og eru þær kenndar í íslenskri málfræði við HÍ?

Hugtakið universal grammar hefur á íslensku verið nefnt *algildamálfræði* og *allsherjarmálfræði*. Það er oftast tengt nafni málfræðingsins Noams Chomskys (f. 1928) þótt hugmyndin sé eldri og hana megi rekja aftur til 17. aldar.

Allsherjarmálfræðin beinist nú til dags gjarnan að þeim þætti málfræðinnar sem lýtur að máltöku barna. Með henni er reynt að skýra hvernig börn geti tileinkað sér hvaða tungumál sem er án mikillar fyrirhafnar þótt auðvitað geri þau ýmsar „villur“ í upphafi. Gert er ráð fyrir að börn fæðist með tilfinningu fyrir því hvernig mál eru byggð upp; börnin hafi ákveðna meðfædda þekkingu á málfræði og séu því undir það búin að tileinka sér málið sem þau alast upp við. Þau atriði málfræðinnar sem teljast meðfædd eru sameiginleg tungumálum heimsins og skýrir það hugtakið allsherjarmálfræði.

Þeir sem fást við málkunnáttufræði (e. generative grammar) styðja flestir kenninguna um allsherjarmálfræði. Meðal þeirra sem kennt hafa málkunnáttufræði við Háskóla Íslands er Eiríkur Rögnvaldsson, en Eiríkur fjallar meðal annars um efnið í bókinni *Íslensk orðhlutafræði* frá 1990 (Málvísindastofnun Háskóla Íslands). Helsti sérfræðingur við Háskóla Íslands í máltöku barna er Sigríður Sigurjónsdóttir dósent og hefur hún komið inn á allsherjarmálfræði í kennslu sinni og skrifum. Hrafnhildur Ragnarsdóttir prófessor við Kennaraháskóla Íslands hefur einnig sérhæft sig í máltöku barna.

